

**Stefnumörkun og aðgerðaáætlun
Sambands íslenskra sveitarfélaga
á árunum 2008–2010**

Samþykkt á
XXII. landsþingi sambandsins
4. apríl 2008



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

1. Framþróun sveitarstjórnarstigsins, verkefni sveitarfélaga og tekjustofnar

Verkaskiptamál:

- 1.1 Á árunum 2008–2010 verði unnið að yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og öllum undirbúningi málsins lokið fyrir sveitarstjórnarkosningar 2010. Sveitarfélögin taki við málaflokknum 1. janúar 2011.
- 1.2 Á árunum 2009–2010 vinni sveitarfélögin að myndun þjónustusvæða til að taka við málefnum fatlaðra, þar sem þess er þörf
- 1.3 Áfram verði unnið að breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Tímasetning yfirfærslunnar ræðst af því hvernig undirbúningi málsins miðar
- 1.4 Þjónustusamningar sem nú eru í gildi um þjónustu við fatlaða, aldraða og heilbrigðisþjónustu haldi gildi sínu þar til niðurstaða liggur fyrir um breytta verkaskiptingu. Jafnframt verði gert ráð fyrir að einstök sveitarfélög geti leitað eftir samningum við ríkið um að taka að sé verkefni sem ríkið sinnir nú á sviði þjónustu við aldraða.
- 1.5 Ekki verði að svo stöddu sett af stað heildstæð vinna við yfirfærslu framhaldsskólans frá ríki til sveitarfélaga en sambandið er hlynnt því að einstök sveitarfélög geti tekið það verkefni að sér með samningum við menntamálaráðuneyti.
- 1.6 Sveitarfélögunum verði tryggðir tekjustofnar til að standa undir nýjum verkefnum.
- 1.7 Tekjustofnar miðist við að fullnægt sé lögbundinni þjónustu.
- 1.8 Í samningum um tekjustofna verði endurskoðunarákvæði til að unnt sé að mæta fjölgun þjónustuþega og breytingum á þjónustuskyldum.

Tekjustofnar:

- 1.9 Breikka þarf og styrkja núverandi tekjustofna sveitarfélaga með það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið, sbr. m.a. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá árinu 2007.
- 1.10 Komið verði á fót sameiginlegri nefnd ríkis og sveitarfélaga til að endurskoða tekjustofna og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, sbr. bréf stjórnar sambandsins til ríkisstjórnarinnar dags. 17. desember 2007. Nefndin skili m.a. tillögum um með hvaða hætti sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur í stað 1.400 m.kr. aukaframlags jöfnunarsjóðs sem fellur niður um næstu áramót. Fyrir lok ársins verði gengið frá tillögum um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er taki gildi í ársbyrjun 2009.
- 1.11 Á árinu 2008 verði þess farið á leit við samgönguráðuneytið að sérfræðingum verði falið að endurskoða allt regluverk Jöfnunarsjóðs

sveitarfélaga og leggja fram tillögur um breytingar m.a. í ljósi skýrslu Ríkisendurskoðanda um framlög sjóðsins til reksturs grunnskóla og kostnaðaráhrifa fyrirhugaðra lagabreytinga vegna lengingar kennaranáms.

2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Fjármálaleg samskipti:

- 2.1 Á árinu 2008 vinni nefnd ríkis og sveitarfélaga að yfirferð á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Fyrir lok ársins verði gengið frá tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar í samræmi við samkomulag aðila þar að lútandi, er taki gildi í ársbyrjun 2009.
- 2.2 Samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga verði fækkað og komið á hreinum verkaskiptum þar sem glögg sé að annað hvort sé framkvæmd og rekstur verkefna á vegum ríkisins eða sveitarfélaganna.
- 2.3 Leitað verði allra leiða til að bæta fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, þannig að sveitarstjórnarmenn öðlist traust á þeim samskiptum.
- 2.4 Komið verði á fót samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti. Nefndin fjalli um niðurstöður kostnaðarmats lagafrumvarpa og reglugerða er varða ríki og sveitarfélög sameiginlega eða sveitarfélögin sérstaklega svo og einstök álitamál í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ákvæði um nefndina verði sett í samstarfsáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Kostnaðarmat:

- 2.5 Fylgt verði fast eftir að farið sé að samkomulagi um kostnaðarmat allra lagafrumvarpa og reglugerðardraga er áhrif hafa á fjárhag sveitarfélaganna.
- 2.6 Unnið verði að því að ná samkomulagi við ríkisvaldið um að sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur til að mæta kostnaði, sem felst í breytingum á lögum, nýjum lögum eða reglugerðum, og leiddur hefur verið í ljós í kostnaðarmati.

Rammalöggjöf

- 2.7 Í vinnu við gerð lagafrumvarpa er lúta að verkefnum sveitarfélaganna verði þess gætt að þau séu í formi rammalöggjafar í stað miðstýringar um framkvæmd laganna. Í gerð umsagna um lagafrumvörp verði því sjónarmiði ávallt komið á framfæri.

3. Launanefnd sveitarfélaga og kjarasamningagerð

Samstaða sveitarfélaga:

- 3.1 Unnið verði að því að efla samstöðu sveitarfélaga um sameiginlega stefnumörkun í kjaramálum og aukið samstarf við gerð samræmdra kjarasamninga fyrir sveitarfélögin.

Könnun á kostum þess og göllum að færa verkefni LN til stjórnar sambandsins:

- 3.2 Á árinu 2008 skipi stjórn sambandsins nefnd til að kanna kosti þess og galla að færa verkefni Launanefndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins. Nefndin leggi niðurstöður sínar fyrir landsþing sambandsins á árinu 2010. (Verkefni LN er nú fyrst og fremst markmiðssetning og eftirlit en framkvæmdahlutverkið, þ.e. kjarasamningagerðina annast kjarasvið sambandsins.)

Ráðgefandi nefnd um kjaramál:

- 3.3 Taki stjórn sambandsins við hlutverki Launanefndar sveitarfélaga skipi hún kjaramálanefnd sem verði stjórninni til ráðgjafar í kjara- og starfsmannamálum með svipuðum hætti og skólamálanefnd sambandsins er ráðgefandi fyrir stjórnina í skólamálum og alþjóðanefnd í EES-málum og erlendum samskiptum.

Gerð kjarasamninga

- 3.4 Kjarasvið annist kjarasamningagerð og kalli til sérfræðinga frá sveitarfélögum sér til aðstoðar eftir atvikum.

4. Stjórnun sveitarfélaga

Upplýsingaveita sveitarfélaga:

- 4.1 Á árinu 2008 verði unnin aðgerðaáætlun um framþróun upplýsingaveitunnar til ársins 2010 og lögð fyrir alla samstarfaðila.

Skólamál:

- 4.2 Á árinu 2008 verði unnin aðgerðaáætlun um framþróun á verkefni við samanburð á rekstri grunnskóla til ársins 2010. Fleiri skólum verði veittur aðgangur að verkefninu.
- 4.3 Á árinu 2008 verði þess farið á leit við menntamálaráðuneytið að hafið verði samstarfsverkefni þess og sambandsins við úttekt á þróun og stöðu grunnskólans bæði í faglegu og rekstrarlegu tilliti.

Upplýsingatækni:

- 4.4 Á árunum 2008–2009 verði unnin úttekt á möguleikum á auknu samstarfi sveitarfélaga og samstarfi ríkis og sveitarfélaga að framþróun rafrænnar stjórnsýslu og að hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum þeirra við íbúana.

Fræðslustarfsemi:

- 4.5 Í boði verði fjölbætt fræðslustarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga líkt og verið hefur undanfarin ár.

Byggðamál:

- 4.6 Á árinu 2008 stofni stjórn sambandsins vinnuhóp sem hafi það hlutverk að endurskoða stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum sem samþykkt var á 62. fundi fulltrúaráðs sambandsins í Hveragerði árið 2002. Tillögur að stefnumörkun verði lagðar fyrir landsþing sambandsins 2009 til efnislegrar meðferðar.

5. Innflytjendamál**Tillaga að stefnumótun í málefnum innflytjenda:**

- 5.1 Vorið 2008 gangi starfshópur stjórnar sambandsins frá tillögum að stefnumótun þess í innflytjendamálum.

Stefna sambandsins í málefnum innflytjenda:

- 5.2 Haustið 2008 afgreiði stjórn sambandsins tillögur starfshópsins og stefnan liggja fyrir í árslok 2008.

6. Hið staðbundna lýðræði**Rannsókn á íbúalýðræði:**

- 6.1 Fyrir landsþing sambandsins 2010 liggja fyrir niðurstöður úr rannsóknarverkefni á íbúalýðræði í 22 sveitarfélögum sem unnið er að á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands í samræmi við samstarfssamning um verkefnið sem sambandið er aðili að.

Kjör sveitarstjórnarmanna:

- 6.2 Á árinu 2009 skili lýðræðishópur stjórnar sambandsins niðurstöðum sínum um úttekt á kjörum sveitarstjórnarmanna og tillögum sínum þar að lútandi.

Tímasetning sveitarstjórnarkosninga:

- 6.3 Á árinu 2009 liggja fyrir niðurstaða lýðræðishóps stjórnar sambandsins um tímasetningu sveitarstjórnarkosninga.

Siðareglur fyrir sveitarfélögin:

- 6.4 Á árinu 2009 liggja fyrir niðurstaða lýðræðishóps stjórnar sambandsins um hugsanlega gerð siðareglna fyrir sveitarstjórnarmenn.

7. Starfsemi sambandsins

Samstarfsvettvangur um velferðarmál:

- 7.1 Á árinu 2008 fjalli stjórn sambandsins um þá hugmynd að skipa sérstaka fagnefnd sér til ráðgjafar um verkefni sveitarfélaga á sviði velferðarmála og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

Nefnd um skipulagsmál:

- 7.2 Á árinu 2008 skipi stjórn sambandsins ráðgefandi nefnd til að fjalla um gerð landskipulags og önnur stefnumarkandi mál á sviði skipulagsmála. Forsenda þess er að frumvarp til skipulagslaga verði að lögum á árinu.

Sérfræðingur á sviði velferðarmála:

- 7.3 Á árinu 2008 fjalli stjórn sambandsins um hugsanlega ráðningu sérfræðings á skrifstofu sambandsins. Sérfræðingnum verði m.a. falið að vinna að verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga og að yfirfærslu málefna fatlaðra og þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

Bjargráðasjóður:

- 7.4 Á árinu 2008 verði unnið að því að leysa sveitarfélögin undan greiðslum til Bjargráðasjóðs og að starfsemi sjóðsins verði að fullu skilin frá starfsemi sambandsins.

Kynningarmál:

- 7.5 Á árunum 2008–2010 verði kynningarstarfsemi sambandsins á málefnum sveitarfélaganna aukin svo sem kostur er.

Ítarlegri aðgerðaáætlun fyrir 1. tölulið:

Framþróun sveitarstjórnarstigsins, verkefni sveitarfélaga og tekjustofnar

Verkaskiptamál

Málefni fatlaðra:

1. Verkefnisstjórn um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála vinni sem fyrst aðgerðaáætlun um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
2. Á árinu 2008 verði unnar útfærðar tillögur um framkvæmd yfirfærslu málefna fatlaðra, skilgreining á verkþáttum, mati á þjónustubörf, að þróun gæðastaðla og árangursmati. Einnig verði unnið að mati á kostnaði og mótun jöfnunaraðgerða.
3. Fyrri hluta árs 2009 verði gengið frá samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málefna fatlaðra og færslu tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga til að mæta kostnaði við verkefnið. Samtímis verði unnið að frágangi lagafrumvarpa þar að lútandi.
4. Á árinu 2009 verði unnið að kynningu málsins á vettvangi sveitarfélaga, ríkisins og notenda þjónustunnar.
5. Á árunum 2009 vinni sveitarfélögin að myndun þjónustusvæða sveitarfélaga til að taka við verkefninu, þar sem þess er þörf.
6. Á árinu 2010 verði lög um yfirfærsluna og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga samþykkt.
7. 1. janúar 2011 gangi í gildi lög um yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Málefni aldraðra:

1. Þótt yfirfærsla málefna fatlaðra verði sett í forgang í verkaskiptamálum er lögð áhersla á að áfram verði unnið að breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Lagt er til að áfram verði unnið að því máli með það að markmiði að sveitarfélögin taki sem fyrst við málaflokknum.
2. Gert er ráð fyrir að einstök sveitarfélög geti leitað eftir samningum við ríkið um að taka að sér verkefni sem ríkið sinnir nú á sviði þjónustu við aldraða, með það að markmiði að flýta yfirfærslunni.

Tekjustofnamál:

1. Á árinu 2008 vinni sameiginleg nefnd ríkis og sveitarfélaga að endurskoðun á tekjustofnum, verkaskiptingu og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sbr. bréf stjórnar sambandsins til ríkisstjórnarinnar og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.
2. Fyrri hluta árs 2008 komist nefndin að niðurstöðu um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og m.a. með hvaða hætti sveitarfélögum verði

tryggðar varanlegar tekjur í stað 1.400 m.kr. aukaframlags jöfnunarsjóðs sem fellur niður um næstu áramót.

3. Fyrir árslok 2008 verði samþykkt lög um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga er gangi í gildi 1. janúar 2009, í samræmi við tillögur nefndarinnar.
4. Á árinu 2008 verði þess farið á leit við samgönguráðuneytið að óháðum sérfræðingum verði falið að endurskoða allt regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og leggja fram tillögur um breytingar m.a. í ljósi skýrslu Ríkisendurskoðanda um framlög sjóðsins til reksturs grunnskóla og kostnaðaráhrifa fyrirhugaðra lagabreytinga vegna lengingar kennaranáms.

Ítarlegri aðgerðaáætlun fyrir 2. tölulið:

Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Fjármálaleg samskipti:

1. Fyrri hluta árs 2008 komist nefnd um húsaleigubætur og húsnæðismál að niðurstöðu og leggi fram tillögur um breytingar á fjármálalegum samskiptum þar að lútandi.
2. Fyrri hluta árs 2008 vinni sameiginleg nefnd ríkis og sveitarfélaga að yfirferð á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga (ath. sama nefnd og skoðar tekjustofna) og taki sérstaklega til umfjöllunar: Fráveitumál. Varasjóð húsnæðismála. Eyðingu refa og minka, endurgreiðslur virðisaukaskatts, úrgangsmál o.fl.
3. Samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga verði fækkað, t.d. verði sveitarfélögin leyst undan því að taka þátt í stofnkostnaði framhaldsskóla og komið á hreinum verkaskiptum í sem flestum málum. Ljóst sé hverju sinni að annað hvort sé ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri verkefna á vegum ríkisins eða sveitarfélaganna.
4. Fyrir árslok verði samþykkt lög um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, eða samkomulagi aðila, er gangi í gildi 1. janúar 2009, í samræmi við niðurstöður nefndarinnar.
5. Komið verði á fót samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti. Nefndin verði fastanefnd er haldi saman niðurstöðum kostnaðarmats lagafrumvarpa og reglugerða og aðrar breytingar sem kunna að eiga sér stað í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin geri árlega grein fyrir niðurstöðum sínum.